



Unglingamenning í aldanna rás

Taktu viðtal við einhvern sem er töluvert eldri en þú. Því eldri því betra.

Spurðu spurninga um unglingamenningu, t.d. um tísku, talsmáta, tónlist, íþróttir, viðhorf og fleira sem þér dettur í hug sem varðar reynsluheim unglinga. Berðu svo saman þína reynslu, hvað er líkt og hvað er ólíkt? Var betra eða verra að vera unglingur áður fyrr?

Mundu að fá leyfi fyrir upptökunni!

Viðmið um árangur

Ég get

- undirbúið viðtal með því að búa til spurningar.
- tekið viðtal.
- borið mína reynslu saman við reynslu viðmælandans.
- sett fram mína skoðun á muninum á unglingum fyrr og nú.

Hæfniviðmið

Nemandi getur

- Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

Mikilvægt að vera með undirbúnaðar spurningar.



VERKEFNINU ER SKILAÐ SEM UPPTÖKU
OG/EÐA MYNDBANDI.